

beiðandi er sjálfur mættur og krefst fjárnáms fyrir DM 3.504.08 með 8% ársvöxtum frá 19. júlí 1963 til greiðsludags, kr. 6.300.00 í málskostnað samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í., kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Fyrir gerðarþola er mættur Sigurður Ólafsson, aðstoðarframkvæmdarstjóri og varastjórnarmaður gerðarþola. Aðspurður og áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt skuldina og telur sig ekki hafa heimild til að vísa á eignir til fjárnáms.

Ákveðið var að fresta gerðinni til kl. 3 í dag, og verður henni þá haldið áfram að Grensásveg 22, hér í borg.

.....

Gerðarbeiðandi mætir sjálfur og ítrekar fjárnámsskröfu sína frá fyrra réttarhaldi í dag.

Að tilhlutan fógeta mætir Ásta Guðjónsdóttir, sem hér vinnur. Áminnt um sannsögli, kveðst hún ekki greiða fyrir gerðarþola og ekki geta vísað á eignir til fjárnáms.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda lýsti fógeti yfir fjárnámi í eignarhluta gerðarþola í húseigninni nr. 22 við Grensásveg hér í borg. Fallið var frá virðingu.

Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og brýndi fyrir mættu að skýra gerðarþola frá fjárnáminu.

Mánudaginn 11. október 1965.

Nr. 174/1965. **Ákærvaldið**
 gegn
Jósafat Arngrímssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál.
 Farbann.

Dómur Hæstaréttar.

Ákærði hefur hinn 6. október 1965 kært til Hæstaréttar úrskurð héraðsdóms, er upp var kveðinn 4. s. m. Barst kærán hingað 7. s. m. Ákærði krefst þess, að úrskurður héraðsdóms verði úr gildi felldur og afnumið verði bann

við brottför ákærða úr lögsagnarumdæmi Gullbringusýslu. Þá krefst ákærði og kærumálskostnaðar.

Saksóknara ríkisins hefur verið kunngerð kæran, en frá honum hafa hvorki horizt kröfur né greinargerð.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur í þessum þætti málsins.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 4. október 1965.

Ár 1965, mánudaginn 4. október, var í sakadómi Reykjavíkur, sem háður var að Borgartúni 7 af Ólafi Þorlákssyni, dómara samkvæmt sérstökum umboðsskrám, kveðinn upp úrskurður um kröfu um afnám banns við brottför Jósafats Arngrímssonar verzlunarmanns, Holtsgötu 37, Ytri-Njarðvík, úr lögsagnarumdæmi Gullbringusýslu, sbr. 72. gr. laga nr. 82/1961 um meðferð opinberra mála. Framangreint atriði var tekið til úrskurðar samdægurs.

Málavextir eru þessir:

Hinn 24. janúar 1964 hófst dómsrannsókn á verktakastarfsemi Jósafats Arngrímssonar verzlunarmanns, Holtsgötu 37, Ytri-Njarðvík, á Keflavíkurflugvelli og nafnritanafölsunum í því sambandi. Framangreind rannsókn var send saksóknara ríkisins til ákvörðunar 14. desember 1964.

Hinn 26. febrúar 1964 hófst dómsrannsókn vegna ætlaðs misferlis í starfrækslu póstdeildarinnar á Keflavíkurflugvelli og vegna fjármálaviðskipta þeirra aðilja, er þar áttu innstæðulausa tékka. Rannsókn þessi var send saksóknara til ákvörðunar 8. júní 1964.

Á grundvelli framangreindra rannsókna og eftir framhaldsrannsóknir, er fram fóru snemma þessa árs, var af hálfu ákæruvaldsins höfðað mál með ákæru, dagsettri 27. apríl 1965, á hendur Jósafat Arngrímssyni, Þórði Einari Halldórssyni verzlunarmanni, Sólheimum 27, Reykjavík, Eypóri Þórðarsyni vélvirkja, Holtsgötu 17, Ytri-Njarðvík, Áka Guðna Gränz málarameistara,

Heimakletti, Ytri-Njarðvík, og Albert Karli Sanders rafvirkja, Holtsgötu 27, Ytri-Njarðvík. Gegn ákærða Jósafat er málið höfðað fyrir skjalfafs samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 samkvæmt 84 liðum, tilgreindum í ákæru. Sá þáttur ákærunnar er byggður á rannsókn verktakastarfseminnar. Þá er málið höfðað á hendur Jósafat fyrir fjársvik samkvæmt 248. gr. hegningarlaga, og er sá þáttur byggður á rannsókn vegna ætlaðs misferlis við póstdeildina. Við rannsóknina kom í ljós, að í sjóði póstdeildarinnar voru við endurskoðun í febrúarmánuði 1964 tékkar, útgefnir pr. pr. Ísfélag Keflavíkur h/f, samtals að upphæðum kr. 2.159.969.53, en tékkana skorti innstæður. Ákærði Jósafat var annar aðaleigandi fyrirtækisins og hefur viðurkennt fyrir dómi að hafa hagnýtt í þágu fyrirtækisins andvirði innstæðulausra tékka, er seldir voru í póstdeildinni á Keflavíkurflugvelli.

Í þágu rannsóknar málsins var ákærði Jósafat Arngrímsson úrskurðaður í gæzluvarðhald hinn 31. janúar 1964. Í gæzluvarðhaldi sat ákærði til 14. marz s. á. Þann dag var ákærða með heimild í 72. gr. laga nr. 82/1961 gert að halda sér innan takmarka Gullbringusýslu, þar til öðruvísi yrði ákveðið. Ákvörðun þessari hefur enn eigi verið breytt.

Rekstur málsins er nú á því stigi, að fyrir dyrum stendur framhaldsrannsókn, og er fyrsta þinghald þeirrar rannsóknar ákveðið 6. þessa mánaðar. Enn er eigi ákveðinn flutningsdagur málsins, en þess er þó að vænta, að málið verði flutt um næstu mánaðamót.

Með bréfi, dagsettu 30. fyrra mánaðar, hefur skipaður verjandi Jósafats Arngrímssonar, Áki Jakobsson hæstaréttarlögmaður, farið þess á leit við dóminn, að áður nefndu farbanni yrði létt af ákærða Jósafat, til að ákærði gæti setið verzlunarráðstefnu í Bandaríkjunum í Norður-Ameríku, er haldin verður 16. október n.k. Ákærði sé umboðsmaður fyrirtækisins Wilson Harrel and Company Inc. hér á landi, og sé ákærða sem slíkum bæði nauðsynlegt og skylt að sitja áður nefnda ráðstefnu. Verjandinn hefur þá getið þess, að verulegur hluti atvinnutekna ákærða verði rakinn til umboðsmennskunnar. Þá hefur verjandinn lýst ákærða fúsan til að leggja fram víxil með ábyrgðarmönnum, er dómurinn samþykkir, til tryggingar nærveru ákærða eftir 8—10 daga ferðalag vestur um haf.

Af hálfu ákæruvaldsins hafa komið fram mótmæli gegn því, að farbanninu verði aflétt, þar sem slíkt myndi verða til þess

að tefja gang málsins, þar sem lokarannsókn stæði fyrir dyrum og málflutningur eigi langt undan.

Samkvæmt ákæruskjali er ákærði sakaður um brot gegn hegningarlögum, sem heimfærð eru til refsíákvæða, er hafa að geyma víðan ramma refsivistar. Enn fremur verður á það að fallast, að fjarvera ákærða, enda þótt um stuttan tíma kunni að vera, sé til þess fallin að tefja framgang málsins. Að þessu athuguðu þykir eigi unnt að verða við þeirri kröfu ákærða að létta banni við brottför hans úr lögsagnarumdæmi Gullbringusýslu, þar eð slíkt telzt eigi samrýmanlegt opinberum hagsmunum.

Ályktarorð:

Krafa Jósafats Arngrímssonar um afnám banns við brottför hans úr lögsagnarumdæmi Gullbringusýslu er ekki tekin til greina.
